

Bæjarstjórn Garðabæjar,
Garðatorgi,
210 Garðabæ.



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.12.2015
Málalykill	
Mál nr.	1512105

Efni: Evrópumót kvennalandslíða í golfi 4.-9. júlí 2016, Garðabæ.

Garðabæ, 30. nóvember 2015.

Á fundi framkvæmdastjórnar Evrópska golfsambandsins, European Golf Association, á síðasta ári var samþykkt umsókn Golfsambands Íslands um að Evrópumót kvennalandslíða færi fram á Urriðavelli hjá Golfklúbbnum Oddi á næsta ári.

Það er gríðarlegur heiður fyrir Golfklúbbinn Odd, Golfsamband Íslands og golfíþróttina á Íslandi að hafa orðið fyrir valinu en um er að ræða stærsta alþjóðlega golfmót sem haldið hefur verið á Íslandi þar sem yfir 100 keppendur munu mæta til leiks ásamt þjálfurum, liðsstjórum og öðru fylgdarliði. Munu því hátt í 200 manns heimsækja Garðabæ og dvelja þar í rúma viku af þessu tilefni.

Golfíþróttin er næst vinsælasta íþróttagrein landsins en yfir 10% þjóðarinnar stunda golf. Íþróttin hefur átt gríðarlega góðu gengi að fagna undanfarinn áratug en á þeim tíma hefur fjöldi kylfinga tvöfaldast. Á þessum árum hefur verið gert sérstakt átak um að fjölga kvenkylfingum en hlutfall kvenna hefur vaxið úr 10% í 30% á þessum tíma. Það er einstakur árangur en betur má ef duga skal. Af þeim sökum er það sérstaklega ánægjulegt að kvennamót af þessari stærðargráðu skuli haldið hér á landi. Þá er það sérstaklega táknrænt að mótið skuli haldið hjá Golfklúbbnum Oddi, þar sem hlutfall kvenkylfinga er það hæsta á Íslandi en yfir 40% félagsmanna eru konur. Það er von okkar í golfhreyfingunni að mótið muni hvetja konur til enn frekari dæða á golfvöllinum.

Metnaður okkar felst í því að taka vel á móti gestum okkar og sýna þeim að golf á Íslandi sé góður kostur fyrir bestu kylfinga Evrópu jafnt sem aðra Evrópubúa. Ísland býður upp á áhugaverða og fallega golfvelli í stórkostlegu umhverfi. Það er okkur því mikið kappsmál að völlumurinn sé í sínu allra besta keppnisformi og muni skarta sínu fegursta þegar keppendur hefja leik.


Eins og gefur að skilja fylgir slíku stórmóti töluverður kostnaður. Áætlað er að kostnaður við framkvæmd mótsins verði um 12 milljónir króna og er þá ekki tekið tillit til endurbóta á golfvelli og húsnæði. Á móti þeim kostnaði koma þátttökugjöld keppnisþjóðanna, samtals þrjár milljónir króna. Það er von okkar að Garðabær sé tilbúinn að koma til móts við Golfklúbbinn Odd á komandi ári til að standa straum af hluta þess kostnaðar sem til fellur.

Undirritaðir vilja fara þess á leit við Garðabæ að bærinn taki að sér að bjóða til lokahófs fyrir keppendur og aðstandendur í mótslok en rík hefð er fyrir því hjá Evrópska golfsambandinu að gestgjafabærinn bjóði til slíks hófs. Þá fer Golfklúbburinn Oddur jafnframt fram á að bæjarfélagið styrki klúbbinn með framlagi upp á fjórar milljónir króna til viðbótar við þann árlega sex milljóna króna styrk sem klúbburinn hefur til þessa fengið frá bænum. Samhliða stuðningi sínum við verkefnið er bærinn sérstaklega hvattur til þess að nýta sér samstarfið með öllum ráðum enda má bærinn vera stoltur af því að halda Evrópumót kvennalandslíða árið 2016.

Það er einlæg von okkar að Garðabær taki vel í þessa beiðni.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Hermannsson
Formaður Golfklúbbsins Odds


Haukur Örn Birgisson
Forseti Golfsambands Íslands